

Republik ehf
Súðavogur 20
104 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2019
UST201909-258/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Lóndrangar á Snæfellsnesi

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Republik ehf, dagsett 20. September 2019, um kvikmyndatöku við Lóndranga.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar.

Lýsing verkefnis:

Taka á upp efni fyrir Kolon Sport við Lóndranga á tímabilinu 1. – 3. október 2019. Að verkefninu koma 33 starfsmenn og mun verkefnið taka um hálfan dag. Ekki verða notaðir drónar við tökurnar og ekki verða leikmunir eða leikmyndir settar upp. Ekki er þörf að loka svæðinu en mögulega yrðu gestir svæðisins stoppaðir í nokkrar mínútur í senn á meðan tökur standa yfir.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á gildi svæðisins, enda fara tökurland fram samkvæmt reglum Þjóðgarðsins. Jafnframt skuldbindur umsóknaraðili í umsókn sinni að engin spjöll verði á náttúru svæðisins vegna verkefnis. Gestir svæðisins verða fyrir einhverri truflun en það ætti ekki að koma að sökum þar sem fremur fáir leggja leið sína að Lóndröngum nú á haustdögum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Republik ehf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku við Lóndranga sbr. lýsingu hér að ofan 1. – 3. október 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitsemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur



Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður